



# Tré ársins 2011

Góður árangur í skóg- og trjárækt í landinu er farinn að setja svip á borg og bæ og trjárækt á opnum svæðum til skjólmyndunar og fegrunar umhverfis hefur aukið lífsgæði og lýðheilsu.

Skógræktarfélag Íslands hefur árlega um langt skeið útnefnt Tré ársins til þess að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt. Í ár var tré ársins útnefnt í 20. sinn af Skógræktarfélagi Íslands. Fyrir valinu varð fjallagullregn (*Laburnum alpinum*) sem stendur í bakgarðinum að Greniteigi 9 í Reykjanesbæ.

Gullregn eru af ertubaunaættinni, Fabaceae. Aðeins tvær tegundir tilheyra ættkvíslinni *laburnum* auk blendinga og afbrigða. Þær eru fjallagullregn (*Laburnum alpinum*) og strandgullregn (*Laburnum anagyroides*), ættað frá Mið- og Suðaustur-Evrópu.

Gullregn þykir með fegurstu blómstrandi trjám.

Fjallagullregn er allvíða í görðum og hefur reynst harðgert. Tegundin getur orðið allt að 10 m á hæð og er oftast margstofna með umfangsmikla krónu. Blöðin eru þrífingruð, blómin gul og eru mörg saman í þéttum, drjúpandi klasa, 25–40 cm á lengd. Fjallagullregn blómgastr við 10–15 ára aldur. Á rótunum lifa gerlar af ættkvíslinni *Rhizobium* og mynda hnýði á rótum og vinna köfnunarefni úr andrúmsloftinu sem plantan notar sér til framdráttar.

Gullregn er vind- og seltuþolið en blómgun verður ríkulegri ef plantan stendur á sólríkum stað og í þökkalegu skjóli fyrir veðrum og vindum. Tegundin þrífst best í fremur sendnum og vel framræstum jarðvegi.

Fjallagullregni er fjölgað með fræjum, sumargræð-

Höfundur Kristinn H. Þorsteinsson



*Myndin er tekin árið 1960 einu eða tveimur árum eftir gróðursetningu. Tréð hefur verið orðið nokkra ára gamalt þegar það var gróðursett.*

lingum eða sveiggræðslu. Finna má víða sjálfsáðar plöntur í gördum hérlendis.

Gullregn er eitruð planta en mest þó fræin. Aðal-eiturefnið í gullregni er cytisine. Ef fólk neytir fræja eða annarra plöntuhluta í einhverjum mæli getur það leitt til veikinda eða jafnvel dauða og er því ráðlagt að fjarlægja neðstu fræin á trjám svo óvitar nái ekki til.

Það var hátíðleg stund 13. september 2011 þegar fjallagullregnið að Greniteigi 9 í Reykjanesbæ var útnefnt tré ársins. Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélagss Íslands, flutti ávarp og veitti Sigrúnu Guðjónsdóttur, eiganda trésins, viðurkenningu og Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, flutti ávarp. Leikin var fögur tónlist flutt af nemendum Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Við þetta tækifæri var tréð formlega hæðarmælt. Það reyndist vera 7,35 metrar á hæð og greinist í sex stofna í um 50 cm hæð frá jörðu. Digrastí stofninn mældur í brjóst-hæð reyndist 22,2 cm í þvermál.

Í nokkra metra fjarlægð frá fjallagullregninu kúrir annað lágvaxið tré sem er sömu tegundar en mun yngra.

Tréð var gróðursett 1958 eða 1959 af hjónunum Sigrúnu Guðjónsdóttur og Sigurði Einarssyni en þau hjón byggðu húsið árið 1956. Sigurður lést árið 2000 en Sigrún býr enn í húsinu ásamt Sigurði Borgari Bjarnasyni, sonarsyni sínum.



*Árið 1980 var fjallagullregnið farið að vekja mikla athygli enda þá strax orðið eitt fegursta tré Keflavíkur.*

Fjallagullregnið hefur blómstrað árvissit í áratugi gestum og gangandi til ómældrar ánægju.

Í Reykjanesbæ má víða finna þróttmiklar og fall-egar fjallagullregnsplöntur. Tréð að Greniteigi 9 ber þó enn höfuð og herðar yfir önnur fjallagullregnstré á Suðurnesjum og er því verðugur fulltrúi gullregns-trjáa á Suðurnesjum og þó víðar væri leitað.



*Verðlaunaafhendingin í Reykjanesbæ þann 13. september. Frá vinstri: Árni Sigfússon, Sigurður Borgar Bjarnason, Sigrún Guðjónsdóttir og Magnús Gunnarsson.*